

## Skipstjóra- og áhafnarkvóti árið 1984.

Svar við greinargerð höfundar, dags. 29. júlí 2008.

### I.

Helgi Áss Grétarsson, lögfræðingur, hér eftir nefndur HÁG, er höfundur bókarinnar “Réttarsaga fiskveiða frá landnámi til 1990”, sem Lagastofnun Háskóla Íslands gefur út í ár. HÁG segir í bók sinni á bls. 145: “Fullyrða má að 1. gr. laga nr. 82/1983 hafi verið reist á þeirri forsendu að miða skyldi úthlutun veiðiheimilda við skipaeign og veiðireynslu útgerðar. Hvergi í lagatextanum var mælt fyrir um að einstaklingar gætu á grundvelli aflasældar sinnar á einu skipi fengið útgerð annarra skipa skerf í þeirri aflareynslu.”

HÁG taldi að ekki hafi verið lagaheimild fyrir ákvæði 3. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 144, 16. mars 1984 um breytingu á reglugerð nr. 44, 8. febrúar 1984, um stjórn botnfiskveiða 1984 sem hljóðaði svo: *“Hafi skipstjóraskipti á árinu 1983 orðið með þeim hætti, að skipstjóri, sem fram að skiptum hafði stýrt sama skipi samfellt á viðmiðunartímabilinu sbr. 6. gr., tekur við öðru sambærilegu skipi í 3. stærðarflokki eða stærra sbr. 9. gr. og meirihluti áhafnar flyst með honum, skal heimilt, auk vals sbr. 1. mgr., að gefa kost á því að aflamark á skipinu, sem skipstjóri tekur við, miðist við aflareynslu áhafnarinnar á fyrra skipinu.”* Þetta ákvæði reglugerðarinnar varð 4. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 44/1984, um stjórn botnfiskveiða 1984, með áorðnum breytingum.

Með athugasemdum, dags. 24. júní 2008, gerðu undirritaðir grein fyrir því að lagaskýringar höfundar væru rangar.

Þessi heimild til kvótaúthlutunar var að jafnaði kölluð “skipstjórakvóti” og fengu sex skip slíka kvóta og var hugsunin bak við þetta ákvæði að hefðu menn lagt sig eftir ákveðnum tegundum og aflasamsetning þeirra væri því óvenjuleg, áttu þeir kost á því að fá sömu heimildir á hið nýja eða síðara skip, enda væri það sambærilegt og áhöfnin fylgdi þeim yfir á skipið. Eðlilegt var talið að veita stærri skipum og þar með stærri áhöfnum þennan rétt, þannig að í húfi væru allnokkrir hagsmunir fleiri manna.

Ofangreindar reglugerðir nr. 44/1984 og 144/1984 voru gefnar út með stoð í lögum nr. 82/1983 sem voru breyting á lögum nr. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 38/1981. 1. gr. laga nr. 82/1983 orðaði 10. gr. laga nr. 81/1976 á ný.

Í lögum nr. 82/1983 sagði í 3. málslíð 1. mgr. 1 gr.: “Getur ráðherra ákveðið skiptingu hámarksafla milli skipa m.a. með hliðsjón af fyrri veiðum skipa, stærð þeirra eða gerð, svo og heimilað flutning á úthlutuðum aflakvóta milli skipa.”

HÁG telur 1. gr. laga nr. 82/1983 reista á ákveðinni forsendu, en getur þess ekki hvar hana sé að finna. Við bentum á, að hana væri hvergi að finna í lögnum né í greinargerð fyrir þeim. Eins og áður er rakið, voru taldar upp í lögnum þær forsendur, sem ráðherra skyldi **meðal annars hafa til hliðsjónar**. Þar var m.a. vísað til fyrri veiða skipa og flutning á úthlutuðum aflakvóta (sem byggðist á veiðireynslu) milli skipa. Það sem ráðherra skyldi hafa til hliðsjónar við ákvörðun sína var m.ö.o. ekki tæmandi talið.

Reglugerð nr. 144/1984 byggði á aflareynslu áhafnar, sem færð var á milli skipa. Um var að ræða flutning aflareynslu vegna fyrri veiða skipa. Var það fullkomlega í samræmi við orðaval laganna og tilgang þeirra og sérstaklega það, hvað hafa skyldi meðal annars til hliðsjónar. Í greinargerð með frumvarpi til laganna var hvergi að finna að úthlutun skipstjóra- og áhafnarkvóta væri óheimil.

Útvegsmenn eða réttara sagt skip höfðu ein rétt til aflamarks samkvæmt lögnum. Aflamarkið gekk ekki til skipstjóra eða áhafnar heldur skips. Úthlutun veiðiheimilda var bundin við skip. Fyrri veiðar skips var í þessum tilvikum frammistaða skipstjóra og áhafnar, eins og endranær. Fyrri veiðar skips er sama og aflareynsla áhafnar eða útgerðar um ákveðinn tíma.

Við töldum, að sú fullyrðing HÁG, að ekki hafi mátt leggja til grundvallar aflareynslu skipstjóra og áhafnar, sem var í raun veiðar skips á þeim tíma, sem áhöfnin var á skipinu, fengi ekki staðist. Flutt voru á milli skipa fyrri veiðar skips (aflareynsla áhafnar á ákveðnu tímabili og úthlutuðum aflakvóta). Í þessu samhengi bæri sérstaklega að líta til þess, sem lögin tilgreindu að hafa ætti til hliðsjónar og ekki var tæmandi talið.

Þá er rétt að geta þess að sá skipstjóra- og áhafnarkvóti sem úthlutaður var 1984, hélt gildi sínu 1985 og áfram. Alþingi var ljós þessi úthlutun við lagasetningu 1985 og 1986 og lagði blessun sína yfir hana án athugasemda. Aldrei var lögð til breyting á þessari úthlutun.

HÁG segir í lok bókar sinnar á bls. 206, að fiskveiðistjórnunarkerfið á þessu tímabili, þ.e. 1984-1990, hafi verið hálfopið og tiltölulega auðvelt hafi verið að vinna sig út úr þeirri skiptingu, sem ákveðin var 1984. Aflamarkskerfið var árið 1984 aðeins sett á til bráðabirgða og ekki hugsað til frambúðar.

Við töldum því lagaskýringar HÁG um skipstjóra- og áhafnarkvóta árið 1984 og 1985 rangar. Rétt er að áréttta, að hér er um stuttan útdrátt að ræða úr fyrri athugasemdum okkar.

Svo virðist sem höfundur komi með ný sjónarmið og nýjan rökstuðning í greinargerð sinni, sem ekki voru í bókinni. Verður nú vikið að þeim.

### **A. Um yngri rétt og eldri.**

Við teljum að reglur um skipstjóra- og áhafnarkvóta á árinu 1984 stæðust fyllilega kröfur um lagatúlkun, lagaframkvæmd og aðrar kröfur sem gerðar eru til stjórnsluathafna í dag. Þegar réttarsaga er rituð, teljum við augljóst að dæma beri eftir löggjöf, lagaforsendum og lagaframkvæmd á þeim tíma, sem um er fjallað hverju sinni, en ekki dagsins í dag. Við ritun réttarsögu verður að byggja túlkun á lögmæti hverrar athafnar á lagaumhverfi og lagaforsendum þess tíma, sem er til meðferðar hverju sinni. Þetta er meginregla sem HÁG brýtur. Um þetta efni vísast að öðru leyti til II. kafla svars okkar um sérleyfisskip árin 1984-1985.

### **B. Regla um skip.**

Höfundur eyðir löngu máli í að rökstyðja að eingöngu fiskiskip, þ.e. útgerðir þeirra, hafi komið til álita að fá kvóta á árinu 1984. Nú var það svo að skipstjóra- og áhafnarkvóti var úthlutaður til skipa, svo þessi skrif eru þess vegna í sjálfu sér óþörf, ef rökstyðja á ólögmæti áðurgreindrar reglugerðar. En lítum frekar á málið.

Hann viðurkennir að aðdragandinn að setningu laga sem heimiluðu ráðherra að stýra fiskveiðum með kvótakerfi árið 1984 hafi verið afar skammur. Þegar nægileg samstaða hafi myndast á meðal hagsmunaðila og stjórnvalda að reyna þessa aðferð við stjórn botnfiskveiða í eitt ár hafi verið lagt fram lagafrumvarp á Alþingi í desember 1983. Höfundur segir, að samkvæmt lögunum sem í framhaldi voru samþykkt hafi það eingöngu verið fiskiskip, þ.e. þ.e. útgerðir þeirra, sem hafi komið til álita að fá kvóta, eins og áður sagði.

Höfundi virðist umhugað um að sanna þessa fullyrðingu sína, þótt hún skipti ekki máli hvað varðar þetta álitaeefni, eins og áður sagði. Hann virðist telja framsöguræðu sjávarútvegsráðherra vera betri réttarheimild en greinargerð með lögunum og vitnar í hana. Ræðan var flutt hinn 12. desember 1983 fyrir frumvarpi sem varð að lögum nr. 82/1983. Það er út af fyrir sig röng staðhæfing hjá HÁG, að ráðuneytið sé bundið við það eingöngu sem ráðherra segir á Alþingi. Ekki megi fara út fyrir það, hvað sem segir í lögum. Að byggja, eins og hann gerir, ólögmæti á orðum í ræðu ráðherra, er vægast sagt afar umdeilanleg lögskýring.

Við lestur þeirrar tilvitnunar sem höfundur leggur fram verður samt sem ekki ráðið neitt um þetta efni. Heldur verður á hinn bóginn ráðið að framtíðin í þessum eignum hafi verið óákveðin. Sérstaklega skáletrar höfundur þessi orð: „..tryggja öllum sem nytjað hafa fiskimiðin rétt til að gera það áfram..“, „Stjórnvöld geta með engu móti dæmt skip fyrir fram úr leik.“, „..því miður ekki mikið hægt að segja til um hvernig staðið verður að þessari skiptingu..“ Verður ekki betur séð en að þessi orð styðji skoðun okkar um að allt hafi verið meira og minna óráðið. Skipstjórar og áhafnir hafa hingað til nytjað miðin.

Það er mikið ofályktað, að ráða megi af greinargerð eða ræðu ráðherra, að útgerðir fiskiskipa skyldu einar fá veiðheimildirnar, en úr því að höfundur reynir að byggja á framsöguræðu ráðherra til að fóta sig á svellinu, er rétt að minnast þess að sá sami ráðherra lagði fram frumvarp ári seinna, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 38 28. maí 1981. Í síðasta málslið 1. mgr. 1. gr. þess frumvarps gerir hann það að tillögu sinni, að honum sé heimilt að úthluta aflamarki skips til fiskvinnslufyrirtækis þess sem skipið hefur einkum lagt upp afla hjá. Ári síðar en ræðan er haldin leggur hann sem sé til að fiskvinnslufyrirtæki fái úthlutaðan kvóta.

Verður ekki að dæma ráðherra frekar eftir gjörðum en orðum, ef höfundur skilur orð hans öðru vísi en aðrir. Hvernig má það vera að úthlutun til skipa eða útgerðar var svona fastmótuð haustið 1983 og byrjun árs 1984, þegar allt var í bígerð, í ljósi þess að haustið 1984 var lagt til af ráðherra á Alþingi að fiskvinnslan en ekki skip eða útgerð fái kvóta. Þetta sýnir ljóslega á hversu veikum grunni röksemdafærsla höfundar er reist.

Varðandi ofanefnt skal áréttað að skipstjórakvóta var ekki útdeilt til skipstjóra heldur til skips sem skipstjóri og áhöfn höfðu flust yfir á og giltu ekki um hann neinar sérreglur. Eftir að honum hafði verið úthlutað til skips hafði skipstjóri eða áhöfn ekkert um hann að segja nema þeir væru jafnframt útgerðaraðilar skips. Rökin um heimild fyrir þessari ákvörðun eru komin fram í fyrra bréfi okkar og ennfremur sú staðreynd að Alþingi staðfesti þessa ákvörðun með síðari lagasetningu.

Ljóst er, að veiðireynsla skipstjóra- og áhafnar er veiðireynsla skips og kvótinn gekk til skips. Röksemdir fyrir því að skip skyldu ein fá heimildir skipta því engu máli í þessu sambandi. Óþarft er að ræða mikið um skip og báta, því skipum og bátum var alltaf úthlutað og engum öðrum.

### **C. Þagnarrök.**

Í síðustu setningu höfundar í lokaorðum á bls. 10 í kaflanum um úthlutun skipstjóra/áhafnarkvóta árið 1984 segir: “Skýrari lagaheimildir þurftu til að hægt væri að standa svona að málum.”

Höfundur talar um þagnarrök. Hann segir á miðri bls. 9: “Stjórnsýslan er lögbundin. Ef þögn er um tiltekið atriði í lögum er stjórnvöldum vart heimilt að setja hvaða reglur sem er um það atriði. Þagnarrök ráðuneytisstjóranna fyrrverandi geta því vart átt við.”

Í lögum nr. 82/1983 segir í 3. málslið 1. mgr. 1 gr.: “Getur ráðherra ákveðið skiptingu hámarksafla milli skipa m.a. með hliðsjón af fyrri veiðum skipa, stærð þeirra eða gerð, svo og heimilað flutning á úthlutaðum aflakvóta milli skipa.” Eins og hér er rakið, eru taldar upp í lögnum þær forsendur, sem

ráðherra skal meðal annars hafa til hliðsjónar við setningu reglugerðar. Það sem ráðherra skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun sína er ekki tæmandi talið.

Reglugerð nr. 144/1984 byggir á aflareynslu áhafnar, sem færð er á milli skipa. Um er að ræða flutning aflareynslu vegna fyrri veiða skipa. Er það fullkomlega í samræmi við orðaval laganna og tilgang þeirra og sérstaklega það, hvað hafa skal meðal annars til hliðsjónar. Hér er því ekki um neina þögn að ræða.

Lagaheimildin er skýr og ótvíræð, bein heimild. Ekki voru settar hvaða reglur sem er um þetta atriði, eins og höfundur fullyrðir, heldur fylgt orðanna hljóðan í lögnum. Reglugerðin var sett í samráði við hagsmunasamtök og Fiskifélag Íslands. Við könnumst ekki við neina "þögn", aðeins að heimilt sé að setja reglur um skipstjóra- og áhafnarkvóta samkvæmt því sem löggin mæltu skýrt fyrir um.

Þá segir á bls. 8 neðst: "Fyrir úthlutun þessa kvóta voru sett ýmis skilyrði sem hvergi voru útskýrð." Höfundur hefur áður sagt að rökstuðningur sé ekki hafður í reglugerð, enda er það aldrei gert. Við vísum í þessu sambandi til alls þess sem við segjum um gegnsæi í svari okkar um sérleyfisskip árin 1984-1985.

Þá segir höfundur í framhaldi fyrri tilvitunar á miðri bls. 9: "Hæstiréttur hefur virt að vettugi mat löggjafans á þörfinni á að hafa lagareglur um lokað veiðileyfakerfi, sbr. Hrd. 1998:4076. Löggjafinn blessaði það kerfi með mörgum lagasetningum eftir árið 1984. Þau rök halda því vart vatni að löggjafinn hafi síðar samþykkt þá úthlutun sem fólst í skipstjóra- eða áhafnarkvóta."

Samandregið virðist röksemdarfærsla HÁG vera þessi: Reglugerðina skorti skýrari lagaheimild. Hæstiréttur gat staðfest þá niðurstöðu. Vilji Alþingis hefði ekki haft vægi í því dómsmáli. Við segjum hins vegar: Eitt er að meta þörf á lagareglum og annað hvort skortur sé á þeim. Vilji Alþingis hlýtur að skipta máli við mat á því, hvort skýrari lagareglur skorti.

Þótt höfundur gerir lítið úr vilja Alþingis í þessu máli, þ.e. staðfestingu þess eftir á, getur löggjafinn þó ekki verið einiskis virði í þessu sambandi. Höfundur setur gjarnan út á ófullkomið framsal lagasetningarvalds og skort á lögheimildum, en áttar sig ekki á þversögninni, sem er í máli hans. Var ekki eðlilegt, að Alþingi, hefði það einhverjar athugasemdir, kæmi þeim á framfæri við endurskoðun laganna? Þetta segjum við af því að höfundur viðurkennir ekki heimild samkvæmt orðanna hljóðan, eins og við útlustuðum ítarlega í fyrri athugasemdum.

#### **D. Vægi skipstjóra- og áhafnarkvóta.**

Á bls. 9 efst í svari HÁG er því haldið fram, að við úthlutun hafi þeir sem nutu skipstjóra- og áhafnarkvóta árið 1984 fengið stærri hlut af leyfilegum heildarafla á meðan hlutfallslegt vægi annarra skipa í leyfilegum heildarafla hafi minnkað.

Í fyrstu setningu höfundar í lokaorðum á bls. 9 í kaflanum um úthlutun skipstjóra/áhafnarkvóta árið 1984 segir ennfrémur: “Að mati undirritaðs skorti lagastoð til setja (sic.) þær reglur sem settar voru í mars 1984 og færðu fáeinum útgerðaraðilum aukna hlutdeild í leyfilegum heildarafla.” Þessi nýja fullyrðin HÁG virðist hafa mikla þýðingu að hans mati.

Því er til að svara að þeir, sem úthlutað var skipstjóra- og áhafnarkvóta árið 1984, fengu öðru vísi hlutdeild en aðrir. Aflasamsetningin varð öðru vísi. Hlutur annarra skipa minnkaði eðlilega. Ákvörðun um skipstjóra- og áhafnarkvótann leiddi til þess að samtals rúmlega þrjú þúsund lestum meira var úthlutað í sjö botnfisktegundum til sex stórra skipa á árinu 1984. Mjög misjafnt var hver aukningin var hjá hverju skipi og í hvaða tegundum. Mestu breytingarnar voru í ufsa og karfa og það skip, sem mestu aukninguna fékk í þessum tegundum, lækkaði nokkuð í þorskveiðiheimildum.

Þegar litið er til þess að þegar á árinu 1985 gafst útgerðum kostur á að velja sóknarmark þar sem veiðar á öllum tegundum öðrum en þorski voru frjálssar, auk þess sem sett var meðalþorskaflahámark á hvert skip í þorski, þá er mjög erfitt að gera sér grein fyrir gildi þessarar ákvörðunar til lengri tíma litið.

Markmiðið með skipstjóra- og áhafnarkvóta var að halda óbreyttu veiðimynstri. Óbreytt veiðimynstur og óbreyttur hlutur í leyfilegum heildarafla voru markmið, sem ekki gátu að öllu leyti farið saman. Óbreytt veiðimynstur og svipað aflaverðmæti voru markmið, sem fóru sennilega að mestu saman. Í tilvikum skipstjóra- og áhafnarkvóta var aldrei kleift að úthluta með þeim hætti þannig að 100% jafnvægi næðist frá öllum sjónarmiðum á öllum sviðum. Slíkt var ómögulegt, en þetta var þó réttlátasta niðurstaðan.

Ef svo var að einhverju leyti sem HÁG fullyrðir, var það óhjákvæmilegt til að fullnægja því réttlæti, sem markmiðið var með skipstjóra- og áhafnarkvóta, þ.e. að halda sama veiðimynstri og fyrr. Öðru vísi gátu sjónarmiðin bak við skipstjóra- og áhafnarkvóta, sem voru réttlætissjónarmið, ekki náð fram að ganga. Þótt hlutur þeirra, er fengu skipstjóra- og áhafnarkvóta í leyfilegum heildarafla, kynni að hafa verið örlitlu meiri en hinna, eru yfirgnæfandi líkur á að heildaraflaverðmætið í leyfilegum heildarafla hafi samt sem áður orðið svipað og annarra skipa. Heildaraflaverðmæti skiptir meira máli en heildarafla og er meira réttlætismál, eins og við höfum rækilega útskýrt í athugasemdum við reglur um sérleyfisskip.

Eins og þegar hefur verið gerð grein fyrir var úthlutun til þeirra sem fengu skipstjóra- og áhafnarkvóta byggð á öðrum forsendum en hinna, alveg eins og

átti við í sérleyfisveiðunum. Þar var aflaverðmætið látið ráða úrslitum. Straumlínusjónarmið HÁG eru öfgafull og smásmuguleg. Þau byggjast sennilegast á einhverri öfgatúlkun á jafnræðisreglu, eins og hún er túlkuð í dag af mörgum ólöglærðum. Nefna mætti fjölda dæma úr nútíma lagapraxis, þar sem ákveðnum aðilum er hyglað á kostnað annarra eða þeir fá meiri fyrirgreiðslu en aðrir, af því að það þykir réttlátt og forsendur allra eru ekki þær sömu í öllum atriðum. Slíkt brot á jafnræði er ekki talið brot á jafnræðisreglu. HÁG grefur upp þessar nýju upplýsingar, sem ekki er að finna í bókinni til stuðnings fullyrðingum sínum. Reglurnar gengu út á að halda óbreyttu mynstri, sem gat haft afleiðingar í mjög smávægilegum stíl á önnur markmið.

### **E. Meginreglur.**

Í framhaldi segir höfundur í svari sínu á bls. 9-10: “Sjónarmiðin að baki þeirri úthlutun fór á svig við meginreglur sem höfðu tekið gildi.”

Það er erfitt að fást við meginreglur, sem eru að mati undirritaðra eingöngu tilbúningur í huga HÁG, eins og ítarlega hefur verið rakið. Af hverju voru meginreglur HÁG, úr því þær voru svona mikilvægar, ekki orðaðar í lögum? Ef þær voru orðnar fastar meginreglur, því voru þær ekki nefndar í lögnum sjálfum eða athugasemdunum fyrir þeim. Það hefði kostað eina setningu eða svo.

Meginreglur HÁG voru ekki til árið 1983, þar sem engin sérstök kvótalöggjöf hafði verið sett og verið var að fikra sig áfram með einhverja lausn á þeim vanda sem við var að glíma. Alls ekki til á árinu 1984, nema þær sem tilvitnaðar eru í lögum og reglugerð, því kvótakerfið var lögfest til eins árs, til reynslu og allt í mótun. HÁG getur spunnið upp meginreglur næstum aldarfjórðungi síðar, en hann finnur ekkert bitastætt í gögnum um það, eins og hér hefur verið gerð grein fyrir. Ímyndaðar forsendur um meginreglur, sem eru hugarburður höfundar, er erfitt að elta ólar við, rétt eins og hugmyndaflugíð almennt.

Eins og áður hefur komið fram, telur HÁG veigamestu lögskýringargögnin það sem Halldór Ásgrímsson sagði í framsöguræðu sinni hinn 12. desember 1983 fyrir frumvarpi sem varð að lögum nr. 82/1983 og hann vísar orðrétt í hana sbr. 3. mgr. á síðu 4 en þar segir: *“Heimildin um að ráðherra megi skipta þeim afla sem til skiptanna er hverju sinni gerir honum kleift að tryggja öllum sem nytjað hafa fiskimiðin rétt til að gera það áfram og jafna tímabundnum aflasamdrætti réttlátlega niður á öll skip í landinu.”*

Það var í fullu samræmi við þessa skoðun ráðherrans að samsetningu kvóta skips var breytt þannig að útgerðin hefði áfram, eftir skipaskipti, möguleika á að stunda veiðar með sama veiðimynstri og fyrr.

### **F. Jafnræði.**

Þá segir höfundur áfram á bls. 10: “Þó að þessi reglusetning kunni að hafa átt við málefnaleg rök að styðjast telur undirritaður að hún hafi brotið gegn sjónarmiðum um jafnræði.”

Þessi orð eru dæmigerð fyrir höfund. Að brjóta gegn sjónarmiðum, hvað þýðir það? HÁG heldur sig í hálum og matskenndum hugtökum, sem fengið hafa sérstakt vægi síðasta áratug. Síðan er þetta orðaval notað til að geta stokkið í allar áttir síðar, ef á þarf að halda.

Það er orðið algengt á síðari árum að menn vísi til jafnræðisreglu, ef þeir telja að brotið sé á þeim. Er sami hugsanagangur hjá HÁG? Of langt mál væri að ræða í þessum pistli efni og eðli jafnræðisreglu, en benda má á að ótal lög ganga út frá mismunun í þágu réttlætis, t.d. skattalög eða lög er snúa að eftirlaunum, ungmennum eða bótum. Rökstuðningur HÁG ber keim af einhvers konar ofsátúlkun þessarar reglu. En ekki er rétt að svara því sem ekki er fullyrt. Ef sú röksemd kemur síðar til, áskiljum við okkur rétt til að svara því sérstaklega. Þegar talað er óskýrt getur verið erfitt að svara, því menn verða að geta sér til, hvað meint er.

Rétt er þó að ítreka í þessu sambandi, að lagaheimildir voru eins skýrar og þær gátu orðið. Skipstjóra- og áhafnarkvóti var réttlætismál. Reglan var málefnaleg enda segir höfundur efst á bls. 10 í svari sínu, að hún kunni að hafa átt við málefnaleg rök að styðjast. Ef þeir sem höfðu óvenjulega aflareynslu hefðu ekki fengið þetta val, gæti jafnræðisreglan hafa verið brotin í nútímaskilningi hennar. Þeir hefðu ekki setið við sama borð og þeir sem höfðu hefðbundna aflareynslu. Þetta er gagnstætt því sem HÁG heldur fram. Óskiljanlegt er með öllu hvaða jafnræði gæti hafa verið brotið. Hér var réttlæti og sanngirni á ferðinni. Sanngjarnt þótti að rétta þeim hjálparhönd sem höfðu óvenjulega aflareynslu. Ekki var hallað á neinn, enda gaf sig enginn fram með kvörtun um það, hvorki samtök, fyrirtæki eða einstaklingar.

### III.

Lokaorð greinargerðar HÁG eru þessi: “Undirritaður telur að niðurstöður sínar um þessi atriði séu réttar og byggir það aðallega á að gæta hafi þurft samræmis og jafnræðis innan þess hóps sem fékk kvóta úthlutaðan árin 1984 og 1985.”

Hann nefnir ekki brot á jafnræðisreglu. Þó kann hann að eiga við hana. Enginn veit. Átti framkvæmdin að vera “straumlínulagaðri” að mati HÁG? Gat það verið brot á lögum? Við svöruðum ítarlega í fyrri athugasemdum vegna þess að okkur gekk erfiðlega að finna á hverju HÁG byggði sínar fullyrðingar um lögbrot. Fullyrðingar höfundar um brot á lögum eru mjög loðnar og teygjanlegar og í sjónarmiðum hans er fátt sem hönd á festir. Samræmis og jafnræðis var að fullu gætt að dómi undirritaðra. Það gat ekki verið betra.



Málflutningur HÁG byggir á því að þegar í árslok 1983 hafi legið fyrir, hvernig kerfið yrði í helstu atriðum. Aflanum skyldi skipt milli skipa og miða yrði við aflareynslu þriggja ára. En ef það er rétt af hverju var það ekki einfaldlega sagt í lagatextanum og því voru lagaheimildirnar svo miklu víðtækari? Kerfið var ekki fullmótað í árslok 1983 og ýmsar hugmyndir um skipulag veiða á sveimi eins og m.a kemur fram í frumvarpi ráðherra árið eftir, þar sem gert var ráð fyrir því að úthluta mætti kvóta til fiskvinnslustöðva.

Hverjir voru misrétti beittir? HÁG talar um misrétti nú aldarfjórðungi eftir framkvæmd og enginn annar hefur fyrr orðið var við þetta misrétti. Alþingi var ljós þessi úthlutun og lagði blessun sína yfir hana. HÁG gerir lítið úr því, þótt hann telji reglur um framsal lagasetningarvalds mikilvægar og hann setur gjarnan út á ófullkomið framsal lagasetningarvalds og skort á lögheimildum. Reglugerðin var aldrei véfengd, hvað þá að fyrir liggja dómsúrskurður sem styðji skilning HÁG. Reglurnar dæmdust löglegar í dag miðað við nútíma kröfur um lögmati.

Röksemdir höfundar í svari hans um skipstjóra- og áhafnarkvóta árið 1984 eru nýjar fullyrðingar og röksemdir, sem ekki er að finna í bókinni. Höfundur reynir að búa til forsendur sem enginn upplifði á sinni tíð og eru eingöngu til í huga höfundar.

Það er alvarlegt mál að saka ákveðna aðila um að hafa staðið að lögbrotum í bók sem Lagadeild Háskóla Íslands gefur út. Því verður að gera kröfu til að sá er slíkt fullyrðir hafi eitthvað fyrir sér í því og rökstyðji það sæmilega. Því er ekki að heilsa hér. Menn verða að þekkja sín takmörk. Þeim "rökum" sem er að finna í bók HÁG, hefur nú ítarlega verið svarað. Lesendur bókarinnar fara því miður á mis við þau svör.

Okkur, undirrituðum, finnst undarlegt, að ekki sé í bókinni fjallað um megindeiluefni í fiskveiðimálum þjóðarinnar, ýmis deiluefni sem hafa verið til umræðu hér á landi allt frá upphafi kvótakerfis, en eitt þeirra var m.a. nýlega verið tekin til meðferðar hjá Mannréttindanefnd Sameinuðu Þjóðanna, þ.e í álitni hennar frá 24. október 2007. Þetta vekur athygli okkar ekki síst í því ljósi, að höfundur virðist leggja mikið á sig við að sýna fram á lögbrot við reglugerðarsetningu í tveim veiðipáttum, sem hafa tiltölulega lítið vægi.

Undirritaðir hafa nú svarað öllum fullyrðingum og röksemdum HÁG varðandi skipstjóra- og áhafnarkvóta árið 1984. Allar fullyrðingar hans eru heimatilbúnar og eiga ekki við rök að styðjast. Hann leitar með logandi ljósi í dyrum og dyngjum að lagarökum til að réttlæta þær, en hefur ekki erindi sem erfiði.

8. september 2008.

Jón L. Arnalds

Jón B. Jónasson